

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða 2. og 3. mgr. 19. gr. c höfundalaga nr. 73/1972, um gerð og miðlun eintaka á aðgengilegu formi til einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun með búsetu í aðildarlöndum Marakess-sáttmálans eða til viðurkenndra eininga í sömu ríkjum.**

Það tilkynnist hér með að ákvæði 2. og 3. mgr. 19. gr. c höfundalaga nr. 73/1972 sem fjalla um gerð og miðlun eintaka á aðgengilegu formi til einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun með búsetu í aðildarlöndum Marakess-sáttmálans eða til viðurkenndra eininga í sömu ríkjum, öðlast gildi með birtingu auglýsingar þessarar, en með auglýsingu utanríkisráðherra nr. 24/2022 í C-deild Stjórnartíðinda, sbr. 9. gr. laga nr. 13/2021, var tilkynnt að Marakess-sáttmálinn hefði öðlast gildi gagnvart Íslandi þann 9. mars 2022.

*Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, 4. júlí 2023.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

*Sigrún Brynja Einarsdóttir.*

A-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023